REGLUGERÐ

um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

1. gr.

Kvikmyndaeftirlit ríkisins annast skoðun kvikmynda og starfar samkvæmt lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna og lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Skoðun kvikmynda skv. 2. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og IV. kafla laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 fer fram í Reykjavík, nema leyfð hafi verið skoðun annars staðar skv. 5. mgr. 58. gr. laga nr. 53/1966.

Sala, dreifing eða sýning kvikmynda er óheimil nema fyrir liggi skoðunarvottorð Kvikmyndaeftirlits ríkisins um að skoðun hafi farið fram.

2. gr.

Þeim aðilum, sem flytja kvikmynd til landsins eða hyggjast selja kvikmynd hér á landi, dreifa henni eða sýna hana, er skylt að koma kvikmyndinni til skoðunar hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Tveir skoðunarmenn Kvikmyndaeftirlits ríkisins skulu skoða hverja kvikmynd. Greini þá á getur forstöðumaður kvatt hinn þriðja til og ræður þá meiri hluti skoðunarmanna, sjá þó 3. mgr. 3. gr. rg. þessarar.

Markmið með skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins er að meta hvort kvikmyndin teljist brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum eða sé hæf til sýningar börnum og unglingum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

Í þessu skyni skal sérhvert eintak kvikmyndar merkt af Kvikmyndaeftirliti ríkisins eða trúnaðarmönnum þess, s.s. barnaverndarnefndum eða lögreglustjórum, þannig að fullljóst megi vera að skoðun á vegum Kvikmyndaeftirlits ríkisins hafi farið fram. Aðilum skv. 1. mgr. þessarar greinar er skylt að sjá til þess að öll eintök hinnar skoðuðu kvikmyndar sem eru til dreifingar, hvort heldur sýningar, sölu eða leigu, séu merkt.

Gefa skal skriflegt vottorð um að skoðun hafi farið fram. Kvikmyndaeftirliti ríkisins er heimilt að meta kvikmynd að nýju, en þó skal ekki greiða skoðunargjald skv. 3. gr. reglugerðar þessarar vegna slíks endurmats.

3. gr.

Fyrir skoðun kvikmynda eftir lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og reglugerð þessari skulu aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hverrar kvikmyndar þannig að fast gjald kr. 1 200 greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 40 fyrir hverja mínútu kvikmyndarinnar. Fjárhæðir þessar eru miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar 133,7 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi eftir 7. mgr. 58. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, skal sá er skoðunar beiðist greiða gjald til hvers skoðunarmanns er miðast við 1,5 klst. í yfirvinnu í launaflokki sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, verið áður skoðuð í kvikmyndahúsi og skal þá aðili skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, einvörðungu greiða fastagjald kr. 1 200 skv. 1. mgr. vegna skoðunar til staðfestingar á því að um sama eintak kvikmyndar sé að ræða og áður var skoðað. Ekki er áskilið að tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd þegar svo stendur á nema forstöðumaður telji sérstaka þörf á því.

Kvikmyndaeftirlit ríkisins afhendir skoðunarbeiðanda skoðað eintak kvikmyndar og skoðunarvottorð eftir að framangreint gjald hefur verið innt af hendi.

4. gr.

Þóknunargreiðslur til skoðunarmanna vegna skoðunar kvikmynda skv. lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983 og þóknun til forstöðumanns vegna umsjónarstarfa skal metin af menntamálaráðherra.

5. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu til dreifingar, sýningar, sölu eða leigu kvikmyndir, sem Kvikmyndaeftirlit ríkisins hefur skoðað og heimilað dreifingu á.

Þeim sem selja, sýna eða dreifa kvikmyndum með öðrum hætti er óheimilt að afhenda börnum og unglingum kvikmynd, ef þau eru yngri en mat Kvikmyndaeftirlitsins á sýningarhæfni kvikmyndarinnar segir til um.

6. gr.

Sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa til útvarps skv. útvarpslögum nr. 68/1985 annast skoðun kvikmynda, sem þær sýna, að höfðu samráði við Kvikmyndaeftirlit ríkisins. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið, að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af skoðunarmönnum kvikmynda eftir VI. kafla laga nr. 53/1966. Hafa þeir þá úrskurðavald um það hvort myndin brjóti gegn ákvæðum laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og sé hæf til sýningar börnum og unglingum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu skv. 4. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og 59. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 33/1983 sem og lögum nr. 53/1966 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 235/1987 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 14. desember 1989.

Svavar Gestsson. *Árni Gunnarsson.*

Nr. 615 27. desember 1989

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 73,00 af hverri brúttórúmlest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 11,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.